

Reykjanesbær
Gunnar Kr Ottósson
Tjarnargötu 12
230 Reykjanesbær

Reykjavík 5. nóvember 2020
UST202010-126/A.B.
10.04.03

Efni: Lýsing - Deiliskipulag - Ægisgata – skólpdælustöð – Reykjanesbær

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Reykjanesbæjar er barst 13. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu á deiliskipulagi fyrir skólpdælustöð við Ægisgötu í Reykjanesbær.

Í greinargerð kemur fram að markmið tillögunnar er að deiliskipuleggja svæði fyrir skólphreinsistöð. Deiliskipulagssvæðið er um 1 ha. að stærð og er við Náströnd frá vestri að Ósnefi til austurs og skilgreint sem I2 í gildandi aðalskipulagi sveitarfélagsins.

Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitu og skólp. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé nákvæmlega um hver staða fráveitumála sé í sveitarfélaginu, þar sem komi fram magn og umfang fráveitu, eðli hreinsivirkja og auk þess er mikilvægt að það komi fram hvert sé ástand viðtakans.

Einnig bendir stofnunin á að þar sem þörf er á úrbótum í fráveitumálum þarf að koma fram hver stefna sveitarfélagsins er varðandi endurbætur og hver tímarammi endurbóta er.

Fyrirhuguð starfsemi

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í tillögunni hvort fyrirhuguð skólphreinsistöð við Náströnd eigi að anna öllu þéttbýlinu (Njarðvík, Keflavík, Ásbrú) eða taki við því skólpi sem ekki er tengt núverandi hreinsistöð. Auk þess bendir stofnunin á mikilvægi þess að það komi fram hvernig hreinsun á að verða við Náströnd (eins eða tveggja þrepa). Einnig bendir stofnunin á mikilvægi þess að það komi fram í tillögunni hversu miklu skólpi og hreinsun hreinsistöðin á að anna. Samkvæmt upplýsingum frá Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja vegna gagnaskila fyrir fráveitu var losun skólps frá öllu þéttbýlinu um 23.716 persónueiningar árið 2018.

Viðtaki og hreinsun

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að ásamt því að uppfylla þarf lög nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna þarf sveitarfélagið einnig að uppfylla reglugerð nr.

798/1999 um fráveitur og skólp. Í tilfelli Reykjanesbæjar, sem losar skólp í það sem kallast venjulegan viðtaka, er hreinsunarkrafan tveggja þrepa hreinsun, samanber ákvæði í 1. mgr. 7. gr. reglugerðarinnar. Ætli sveitarfélagið að setja upp eins þreps hreinsun þarf sveitarfélagið að leggja fram gögn til Umhverfisstofnunar um skilgreiningu á viðtakanum sem síður viðkvæmur viðtaki í samræmi við 3. mgr. 7. gr. og 3. mgr. 20. gr. Umhverfisstofnun vill einnig vekja athygli á því að í eins þreps hreinsun felst að hreinsa eigi einnig BOD5 og svifagnir.

Landnotkun og landfylling

Umhverfisstofnun telur óljóst hvort deiliskipulagið er miðað við að hreinsun verði einungis grófhreinsun á skólpi eða full eins eða tveggja þrepa hreinsun. Mismunandi útfærsla á verkefninu gæti haft áhrif á landnýtingu, stærð og umfang stöðvarinnar. Auk þess er mikilvægt að mati stofnunarinnar að fjallað sé um stærð, efnismagn, og umfang landfyllingar í tillögunni.

Stjórn vatnamála

Umhverfisstofnun bendir á að nú er unnið að innleiðingu laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Markmið laganna er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Lögin taka til yfirborðsvatns og grunnvatns ásamt árósavatni og strandsjó, til vistkerfa þeirra og til vistkerfa sem tengjast þeim að vatnabúskap. Til að ná fram markmiðum laganna skal vinna vatnaáætlun, aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun. Áætlað er að vatnaáætlun fyrir Ísland fari í almenna kynningu árið 2021 og taki gildi árið 2022. Settar hafa verið tvær reglugerðir, reglugerð nr. 935/2011 um stjórn vatnamála og reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun.

Fyrirhugað áhrifasvæði framkvæmdar, sem hér um ræðir, er strandsjórinn, Hafnir að Gróttu, en hann hefur vatnshlotsnúmerið 104-1382-C undir stjórn vatnamála. Samkvæmt markmiðum laganna og reglugerðarinnar skulu vatnshlot vera í mjög góðu eða góðu vistfræðilegu ástandi. Unnið er að því að skilgreina gæðapætti og koma á kerfi til að meta ástand vatnshlota. Í vatnaáætlun munu verða sett umhverfismarkmið fyrir vatnshlotin sem miða að því að halda vatnsgæðum góðum.

Umhverfisstofnun bendir á að í 28. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála segir, þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skuli vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun. Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson
sérfræðingur